

Aðalfundur Klifurfélags Reykjavíkur

Salur C í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

Dagskrá:

1. Framkvæmdastjóri setur fund og fer yfir dagskrá
2. Fundarstjóri tilnefndur
3. Ritari tilnefndur
4. Ársskýrsla lögð fram af framkvæmdastjóra og endurskoðaðir reikningar síðasta árs
5. Tillögur að lagabreytingum
6. Kjör tveggja meðstjórnenda
7. Kjör tveggja varamanna í stjórn
8. Kjör tveggja skoðunarmanna
9. Kjör nefndarmanns í Boltasjóðsnefnd
10. Önnur mál

Mættir eru 14 félagsmenn.

1. setur fund og fer yfir dagskrá

Hilmar Ingimundarson stjórnarformaður Klifurfélags Reykjavíkur setur fundinn og fer yfir dagskrá aðalfundar.

Fundur er réttmætur, boðað til hans réttilega

2. Fundarstjóri tilnefndur

Þuríður Sóley Sigurðardóttir er tilnefnd af stjórn sem fundarstjóri og er tilnefningin samþykkt einróma af fundargestum.

3. Ritari tilnefndur

Sara Sturludóttir er tilnefnd af stjórn sem ritari og er tilnefningin samþykkt einróma af fundargestum.

4. Ársskýrsla lögð fram af framkvæmdastjóra og endurskoðaðir reikningar síðasta árs

Benjamin Mokry, framkvæmdastjóri Klifurfélags Reykjavíkur fer yfir ársskýrslu félagsins og leggur fram endurskoðaða reikninga ársins 2024. Skoðunarmenn hafa farið yfir reikninga fyrir fundinn og samþykkt þá.

Gerð athugasemd við afskriftir eigna og af hverju við séum ekki að eignfæra grip

Skoðum þetta í framhaldinu hvort við viljum breyta þessu ásamt því að afskrifa aðrar eignir

Ársreikningurinn er samþykktur einróma af félagsmönnum.

5. Tillögur að lagabreytingum

Engar tillögur að lagabreytingum voru lagðar fram að þessu sinni

6. Kjör tveggja meðstjórnenda

Valdimar Björnsson býður sig fram til áframhaldandi setu og Ágústa Gunnarsdóttir ætlar ekki að sitja áfram í stjórn og losnar hennar sæti. Alexander Ólafsson býður sig fram í sætið sem losnar. Engin mótframboð bárust og því eru þau sjálfkjörin.

7. Kjör tveggja varamanna í stjórn

Af tveimur varamönnum síðasta starfsárs bjóða Emil Bjartur Sigurjónsson og Jóhann Haraldsson sig aftur fram sem varamenn, engin mótframboð bárust og því eru þeir sjálfkjörin í stjórn.

8. Kjör tveggja skoðunarmanna

Bjarnheiður Kristinsdóttir og Jóhann Haraldsson bjóða sig fram til að vera áfram skoðunarmaður reikninga hjá félaginu ásamt því að Jóhann Haraldsson kemur nýr inn. Framboð þeirra eru samþykkt einhljóða.

9. Kjör nefndarmanns í Boltasjóðsnefnd

Björn Baldursson og Jón viðar voru tilnefndir sem nefndarmenn í Boltasjóðsnefnd og er það samþykkt einhljóða af fundagestum og stjórn.

10. Önnur mál

Lagt er til að fara ofan í kjölin á boltasjóðslögunum, hvort það séu 1 eða 2 sæti sem séu í boltasjóði. Það er ekki nógu ljóst.

Vantar meiri upplýsingar um boltasjóð, úthlutanir. Kallað er eftir nánari skýrslu á næsta ári fyrir árið 2025. Stjórn fer í að fylgja þessu eftir.

Mætti setja inn betri upplýsingar inn á heimasíðuna, t.d. leiðbeiningar um bolta. Sbr. The bolting bible.

Vantar pistil frá Jóni Viðari um boltun sem var á gömlu heimasíðu Klifurhússins.

Búa til öryggisblað til að sýna landeigendum til að skýra betur að klifrarar séu á eigin ábyrgð.

Talað um Toppstöðina - vantar að fá staðfestingu á fjármagnni frá Reykjavíkurborg. Ekkert sérstakt plan B.

Peppa upp Font ferðina fyrir unglingahópana betur - þetta styrkir hópinn svo mikið saman, góð forvörn, athuga líka með að fara ferð á Íslandi, t.d. ferð á Hnappó eða í útilegu.

Hugmynd um að peppa í útiklifur session í ungliðahópana. Taka þau með í útiklifur ferðir.

Halda sumarklifurdaga styttra frá Reykjavík, dagsferðir.

Rætt um stofna foreldraráð hjá KFR, við erum að stækka og þetta væri gott fyrir félagið.

Hvert er hlutverk okkar sem íþróttafélag - erum við bara að stefna að afreksfólki eða erum við í útiklifursumönnun og boltun. Eða erum við allt í senn?

Markvisst að virkja fleiri sjálfboðaliða - hugmyndir, efla samfélagið með viðburðum. Hafa utanumhald yfir sjálfboðaliðum - sýna fram á.

Ath enskumælandi klifrarar - taka tillit til þeirra.

Fundi slitið kl. 21:51

Fundarritari: Sara Sturludóttir